

Skipulagsfulltrúinn í Skagabyggð

Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga. Sími 455-2400



Hvammstanga, 17.febrúar
Málsnúmer: 2209008 BMK

Efni: Kálfshamarsvík-Skagabyggð

Á fundi sveitarstjórnar Skagabyggðar þann 16.02.2023 var samþykkt að endurauglýsa deiliskipulagstillögu í Kálfshamarsvík skv. 41 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagssvæðið er um 20 ha. að stærð og er í samræmi við gildandi aðalskipulag.

Skipulagssvæðið nær yfir allt landsvæði Kálfshamarsnes sem er í eigu sveitarfélagsins Skagabyggðar og að hluta til yfir landsvæði Saura sem nefnist Holtin, auk Framness sem er norðan Kálfshamarstjarnar.

Einnig er land innan skipulagssvæðisins í landi Kálfshamars sem er austan Kálfshamarstjarnar.

Kynning á deiliskipulagstillögunni verður á bæjarskrifstofu Blönduósbæjar miðvikudaginn 1. mars frá kl. 10:00-12:00

Skipulagstillögunna má nálgast á heimasíðu sveitarfélagsins skagabyggd.is, facebook síðu Skagabyggðar og á skrifstofu skipulagsfulltrúa að Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Frestur til að skila inn ábendingum og athugasemdum rennur út **7. apríl nk.** og skal þeim skilað á netfangið skipulagsfulltrui@hunathing.is eða með bréfpósti stílað á skipulagsfulltrúa Skagabyggðar Hvammstangabraut 5, 530 Hvammstanga.

Bogi Kristinsson Magnusen
Skipulagsfulltrúi Húnaþings vestra,
Húnabyggðar og Skagabyggðar.